

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 335/2007

2009/EES/37/13

frá 28. mars 2007

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1702/2003 að því er varðar framkvæmdarreglur um umhverfissvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1592/2002 frá 15. júlí 2002 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu⁽¹⁾, einkum 5. og 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Eitt af markmiðum reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 er að aðstoða aðildarríkin við að rækja skyldur sínar samkvæmt Chicago-samningnum með því að leggja grunn að sameiginlegri og samræmdri framkvæmd ákvæða hans.

2) Reglugerð (EB) nr. 1592/2002 var komið í framkvæmd með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003 frá 24. september 2003 um framkvæmdarreglur varðandi lofthæfi- og umhverfissvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og varðandi vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja⁽²⁾.

3) Í 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1702/2003 er kveðið á um að gefa skuli út vottorð fyrir framleiðsluvörur, hluti og búnað eins og tilgreint er í viðauka hennar (21. hluta).

4) Í VI. viðbæti við viðaukann (21. hluti) við reglugerð (EB) nr. 1702/2003 er tilgreint EASA-eyðublað nr. 45 sem nota á við útgáfu hljóðstigsvottorða.

5) Breytingar voru gerðar á I. bindi 16. viðauka Chicago-samningsins 23. febrúar 2005 að því er varðar staðla og leiðbeiningar við umsjón gagna um hljóðstigsvottorð.

6) Nauðsynlegt er að gera tiltekna breytingar á ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 1702/2003 til að samræma viðauka hennar við breytingarnar á I. bindi 16. viðauka.

7) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1702/2003 til samræmis við það.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, byggjast á álitum sem Flugöryggisstofnunin gaf út í samræmi við b-lið 2. mgr. 12. gr. og 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1592/2002.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 3. mgr. 54. gr. reglugerðar (EB) nr. 1592/2002.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á ákvæðum viðaukans (21. hluta) við reglugerð (EB) nr. 1702/2003:

1. Í ii. lið 1. liðar b-liðar 21A.204 falli brott setningin: „Þessar upplýsingar skulu koma fram í flughandbók þegar flughandbókar er krafist í viðeigandi lofthæfireglum fyrir tiltekið loftfar.“

2. Í i. lið 2. liðar b-liðar 21A.204 falli brott setningin: „Þessar upplýsingar skulu koma fram í flughandbók þegar flughandbókar er krafist í viðeigandi lofthæfireglum fyrir tiltekið loftfar.“

3. Viðaukinn við þessa reglugerð komi í stað VI. viðbættis.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 88, 29.3.2007, bls. 40. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 90/2007 frá 6. júlí 2007 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 60, 13.12.2007, bls. 26.

(¹) Stjtið. EB L 240, 7.9.2002, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1701/2003 (Stjtið. ESB L 243, 27.9.2003, bls. 5).

(²) Stjtið. EB L 243, 27.9.2003, bls. 6. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 706/2006 (Stjtið. ESB L 122, 9.5.2006, bls. 16).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. mars 2007.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jacques BARROT

varaforseti.

VIÐAUKI

Eftirfarandi komi í stað VI. viðbætur — EASA-eyðublað nr. 45, Hljóðstigsvottorð — í viðaukanum (21. hluta):

Útfyllist af skráningarríki		1. Skráningarríki		3. Númer skjals:	
2. HLJÓÐSTIGSVOTTORÐ					
4. Skrásetningamerki:		5. Framleiðandi og táknun framleiðanda loftfars:		6. Raðnúmer loftfars:	
7. Hreyfill:			8. Skrífa: (*) _s		
9. Hámarksflugtaksmassi (kg)		10. Hámarksflendingarmassi (kg) (*)		11. Hljóðstigsvottunarstaðall:	
12. Aðrar breytingar sem gerðar hafa verið til að uppfylla ákvæði viðeigandi hljóðstigsvottunarstaðla					
13. Hliðarmæling hljóðstigs við fullt afl (*)	14. Hljóðstig í aðflugi (*)	15. Hljóðstig við yfirflug í flugtaki (Flyover) (*)	16. Hljóðstig við yfirflug á brottflugsleið (*)	17. Hljóðstig í flugtaki (*)	
Athugasemdir					
18. Þetta hljóðstigsvottorð er gefið út skv. I. bindi 16. viðauka við samþykktina um alþjóðaflugmál, dagsettri 7. desember 1944, og 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 að því er varðar ofangreint loftfar sem telst uppfylla framangreindan hljóðstigsstaðal þegar því er viðhaldið og það er starfrækt í samræmi við viðeigandi kröfur og starfrækslumörk.					
19. Útgáfudagur			20. Undirskrift		

EASA-eyðublað nr. 45

(*) Þessum reitum má sleppa eftir því um hvaða vottunarkafli er að ræða.